

Stjórnarfundur Delta Kappa Gamma á Íslandi, miðvikudaginn 30. ágúst 2016 kl. 17:45 á Skype

Mættar voru: Eygló, Guðbjörg, Kristín, Inga Maja og Jónína, sem ritar eftirfarandi.

1. Framkvæmdaráðsfundur

Stjórnarfundur í samhengi við hann verður haldinn föstudaginn 9. september kl. 17 á Gló á Engjateig

Húsnæði – Guðrún Edda form. í Kappa er tilbúin að leyfa okkur að halda fundinn á 7. hæð í húsnæði Skóla- og frístundasviðs við Höfðatorg. Sennilega fáum við að vera þarna frítt. Lóðsa þarf konurnar inn – útidyr ekki opnar.

Veitingar – svipað og síðast. Byrja með morgunhressingu – sem Sigga sá um að redda og raða. Sigríður verður beðin um að sjá um það.

Inga Maja pantaði Sóma síðast og þeir senda frítt til okkar. Hún tekur þetta að sér og sælgæti. Vatnskönnur en ekki sódavatn eða kók.

Guðrún Edda sér um að kaffið verði til, ásamt te og mjólk og Eygló kemur með hafraklattana sína líka

Þátttakendur - Hverja á að boða? : Formenn allra deilda (áriðandi að staðgenglar komi ef formaður kemst ekki) , lögsögumaður, gjaldkeri landssambandsins

Hver gerir hvað?:

tendra kertin - Guðbjörg

lesa upp markmiðin - Kristín

orð til umhugsunar - Inga Maja

fundargerð síðasta fundar - Jónína

Dagskrá fundarins -

Kynning

Stjórnarkonur, lögsögumaður og gjaldkeri kynntar

Formenn deilda kynna sig

kynna nefndir landsambandsins stuttlega og hverjir sitja í þeim

kynna hverjar sitja núna í alþjóðlegum nefndum

Hlutverk framkvæmdaráðs

Fara yfir hverjir sitja í framkvæmdaráði og hvert er hlutverk þess. Fara yfir

framkvæmdaáætlunina sem við settum saman til tveggja ára síðasta haust hvað hefur tekist og hvar þarf að herða róðurinn

Peningamálin

Gjaldkeri fjallar um peningamálin og hvað deildar-gjaldkerar þurfa að hafa í huga.

Alþjóðastarfið (nefndirnar) og styrkir

Eygló tekur þetta, sérstaklega um styrkina. Þarf ekki að vera svo ítarlegt. Leggja meira í að fjalla um að vera formaður í deild.

Að vera formaður í deild

Biðja Ingibjörgu Einars um að gera það. Hún mætir á fundinn sem formaður deildarinnar

sinnar og getur og gerir þetta mjög vel. Eygló getur komið inn með athugasemdir og ítrekað punkta, sem eiga við og þarf að minna á.

Hópumræður um hvað?

Fjalla um vetrarstarfið, hvað er framundan og hver hópur sendir niðurstöður og hugmyndir til að deila með öllum. Minna á að dagsetningar komi fram til allra svo konur geti komið í heimsókn hver hjá annarri og bara fylgst með hvað aðrir eru að gera.

Vefsíðan og samskipti við umheiminn

Muna að hvetja deildirnar til að huga að vefnum og vera duglegar að birta þar efni. Facebook veldur því að vefurinn okkar verður vanræktur að einhverju leyti, en ítreka þarf mikilvægi

Þess að rækta hann. Kristín minnti á að enn væri Evrópuvefurinn til umræðu og að við þyrftum eitthvað að íhuga það. Eygló sagði að sú umræða reyndist dálítið endalaus og án ákvarðana. Ræðum þetta á næsta stjórnarfund.

2. Önnur mál

Útbreiðsla

Sigríður Guttorms og Eygló hafa verið að kanna stofnun deildar á Norðvestursvæðinu. Eygló hefur unnið nokkuð að því að kortleggja það svæði og hverjir eru hugsanlegir kandidatar þar. Hún hefur gert lista yfir konur og fengið góða vinkonu til að lesa hann yfir og gefa góð ráð.

Nýi kennarinn

Hvetja Norðankonur til að segja frá verkefni á alþjóðlega kennaradeginum 5. október um nýja kennarann.

Landssambandsþing

- Val á fyrirlesara / gestum á Landssambandsþingi. Við þurfum að huga að því, hverjum við bjóðum frá alþj. samtökunum. Velja fyrirlesara af gaumgæfni. Að fyrirlesarinn geti miðlað vel því sem hann hefur – með glærum og uppbroti.
- Eygló hefur kannað þetta og hefur gert menntamálanefndinni viðvart með Landssamb.þingið. Þema og innihald.
- Matur. Verð á mat á Landssamb.þinginu er komið – fyrir tveggja rétta kvöldmat. Ræðum það á næsta stj.fundi.
- Laganefnd. Eygló hefur beðið laganefndina að samræma ýmislegt – það sem birtist á vefnum og í prentaða málinu okkar. Ganga eftir því við Auði Torfa, sem verður boðuð á framkv.ráðsfundinn.